

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Akraneskaupstað.

#### *Akratorgsreitur – deiliskipulagsbreyting.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 27. apríl 2010 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Akratorgsreit vegna lóðarinnar Kirkjubraut 11.

Breytingin felst m.a. í að heimilt verður að byggja einnar hæðar geymslu- og lagerhús á lóð nr. 11 við Kirkjubraut. Vegg hæð fari ekki upp fyrir vegg hæð aðliggjandi byggingar.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

#### *Arnardalsreitur – deiliskipulagsbreyting.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar sem haldinn var þann 27. apríl 2010 var samþykkt deiliskipulagsbreyting á Arnardalsreit vegna lóðarinnar við Skagabraut 21.

Breytingin felst m.a. í að fellt er úr gildi ákvæði í gildandi deiliskipulagi um að bílgeymsla á lóð nr. 21 við Skagabraut skuli víkja og markaður er byggingarreitur fyrir viðbyggingu við bílgeymsluna.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingarnar taka þegar gildi.

*Akranesi, 1. júlí 2010.*

**Þorvaldur Vestmann** framkvæmdastjóri.